

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Djúpavogshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps nr. 686/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. mars 1999.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 227

30. mars 1999

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar,
sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra
nr. 121/1990 með síðari breytingum.**

1. gr.

19. tl. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Norðfjarðar, sem er Neskaupstaður. Hámarkstala er 6 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 61/1995 með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. mars 1999.

Halldór Blöndal.

Ólöf Nordal.

Nr. 228

30. mars 1999

REGLUR

**um breytingu á reglum um tímabundnar undanþágur
frá akstri eigin leigubifreiðar nr. 492/1997.**

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína í 5 vikur í orlofi. Við hver 5 ár frá leyfisveitingu í samfelldu starfi bætist ein vika við útgerðarheimildina. Þó má orlofsútgerð

aldrei vara lengur en 9 vikur á ári. Útgerð í orlofi er bundin við heilar vikur og er lágmarksútgerðartími ein vika.

2. gr.

11. gr. orðist svo:

Frami getur heimilað leyfishafa að gera út bifreið sína föstudags- og laugardagsnætur og skal félagið þá einnig ákveða tímamörk slíkra útgerða.

3. gr.

12. gr. orðist svo:

Þegar leyfishafi nær 65 ára aldri eða er 65% öryrki er honum heimilt að gera út bifreið sína frá kl. 20.00 til kl. 08.00 helgarnætur. Má leyfishafi ekki aka milli kl. 20.00 föstudag og kl. 08.00 sunnudag þá helgi sem útgerðin stendur yfir.

4. gr.

13. gr. fellur niður og breytist númeraröð greina samkvæmt því.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 61/1995 og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. mars 1999.

Halldór Blöndal.

Ólöf Nordal.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð
um leigubifreiðar nr. 224/1995 með síðari breytingum.**

1. gr.

4. tl. 1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Árborg. Hámarkstala er 7 fólksbifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 61/1995 öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. mars 1999.

Halldór Blöndal.

Ólöf Nordal.